

Fundur Betadeildar þriðjudaginn 13. október 2009.

Fundarstaður: Menntaskólinn á Akureyri

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerðir síðustu funda lesnar.
4. Önnur mál.
 - a. Fréttir af framkvæmdaráðsfundi
 - b. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi
 - c. Vetrarstarfið framundan, o.fl
5. Myndlæsi – að lesa í listaverk. Fyrirlestur og vinnusmiðja. Rósa Kristín Júlíusdóttir stjórnar.
6. Happdrætti, kaffi og notalegt spjall.

Eygló setti fund.

Eygló sagði frá framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var í september í Hafnarfirði, þangað fóru Eygló og Þorgerður. Hún benti á framkvæmdaáætlunina sem er að finna á heimasíðu landsambandsins auk þess að segja frá nefndum sem eru starfandi í samtökunum og auglýsti eftir konum í nokkrar þeirra auk annarra starfa innan samtakanna. Samantekt úr hópvinnu á framkvæmdaráðsfundinum er komin á heimasíðu landssambandsins. Nokkrar umræður urðu um setu í nefndum. Enginn bauð sig fram í nefndir eða önnur störf hjá landssambandinu að þessu sinni.

Eygló sagði líka frá því að núna væri sama lykilorð inn á síður allra deilda. Inn á síðu Beta deildar er starfsáætlun vetrarins að finna auk skipulags í kaffinefndir og hvatti hún konur til að kynna sér það auk þess sem er á síðu landssambandsins.

Þorgerður las fundargerðir síðustu tveggja funda og voru þær samþykktar með nokkrum athugasemdum.

Björk Sigurðardóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði okkur litla froskasögu. Sagan er dæmigerð fyrir samverustundir sem er fastur liður í Hrafnagilsskóla. Boðskapur sögunnar var að trúa á sjálfan sig og vera jákvæður en hlusta ekki á þá sem draga úr manni.

Eygló sagði frá því að stjórn Beta deildar hafi ákveðið að styrkja þær konur sem fóru á Evrópuþingið um 40.000 kr. hverja en sex konur úr deildinni fóru á þingið í Osló í ágúst síðastliðnum.

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri sagði frá fjárhagslegri stöðu deildarinnar og voru konur sammála um að hún stæði nokkuð vel. Anna Þóra bætti við að enn væru til 16 bækur um Elísabet Geirmundsdóttur listakonu.

Næsti fundur verður jólafundurinn en hann verður væntanlega í VMA 30. nóvember og var auglýst eftir gesti sem gæti sagt okkur frá jólahefðum í sínu landi. Áður en af honum verður er boðað óformlega til kynningar á snyrtistofu hér í bæ undir heitinu „Ræktum okkur sjálfar” og er áætlað að fara á kaffihús á eftir.

Önnu Jóhannesdóttur var afhent afmælisgjöf en hún varð fimmtug fyrir stuttu. Eygló afhenti Ernu þakklætisvott fyrir góða samninga við rútufyrirtæki.

Að þessu loknu hlýddum við á innlegg Rósu Júlíusdóttur um myndlæsi. Síðan var okkur skipt í hópa og fóru þeir á nokkra staði í MA til að lesa í listaverk. Þegar því lauk gæddu fundarkonur sér á kræsingum sem þær Margrét Jónsdóttir, Anna Jóhannesdóttir og Selma Hauksdóttir báru fram.

Happdrættisvinninginn að þessu sinni fékk Rósa Júlíusdóttir.

Fundi slitið.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir